

## Fyrirhuguð skerðing framlaga úr ríkissjóði til Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE)

Náttúrustofa Vestfjarða hóf starfsemi 1997 og starfar eftir lögum nr. 60/1992\*<sup>1</sup> og er ein af átta náttúrustofum sem starfa víðsvegar á landinu. Hlutverk NAVE er fyrst og fremst öflun upplýsinga um náttúru Vestfjarða og að gera þær aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda.

### Rekstur NAVE og aukaframlag

Sex sveitarfélög eiga og reka NAVE með stuðningi ríkisins; Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurbær og Strandabyggð. Samningurinn um rekstur stofunnar milli aðildarsveitarfélaganna og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins rennur út um næstkomandi áramót. Við stofuna eru í dag 7 starfsmenn í 6,6 stöðugildum, og eru helstu styrkleikar hennar sérhæfðir starfsmenn, dreifð starfsemi og nálægðin við rannsóknarefni.

Velta NAVE á síðast liðnu reikningsári var 83,3 m.kr. Tekjur af verkefnum voru 42,6 m.kr. og framlög aðildarsveitarfélaganna 5,7 m.kr. Framlög úr ríkissjóði voru 29,3 m.kr. en 8,4 m.kr. af þeirri upphæð er aukaframlag sem stofnanir fengið frá árinu 2008 gegnum svokallaða Vestfjarðanefnd sem vann fyrir forsætisráðuneytið og kom með tillögur árið 2007 að leiðum til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Aukaframlagið er hugsað til eflingar á starfsemi stofnana innan Þróunarseturs Vestfjarða á Patreksfirði og nemur einu stöðugildi hjá stofunni.

Aukaframlagið hefur gert stofunni kleift að halda úti skrifstofuaðstöðu og rannsóknarstofu fyrir sérfræðing í einu stöðugildi í fiskeldisrannsóknum á sunnanverðum Vestfjörðum. Sérfræðingar hafa bæði unnið fyrir fiskeldisfyrirtækin í ýmsum rannsóknum og við vaktanir. Aðallega hefur aukaframlagið þó gert stofunni kleift að vinna að umsóknum að styrkhæfum verkefnum og nýta fjármagn stofunnar sem móttframlag. Þannig hefur tekist að byggja upp rannsóknir á svæðinu og auka almenna þekkingu á náttúrunni.

### Fjárlagafrumvarp 2018

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir **10,1 milljón króna** skerðingu á fjárveitingu til NAVE milli ára og að framlagið fari líklega minnkandi til ársins 2020 samkvæmt fylgiriti með frumvarpinu. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hyggst með þessari skerðingu taka af aukaframlag til NAVE án nokkurs samráðs við stofuna eða aðildarsveitarfélögin og veita sömu upphæð til allra náttúrustofanna.

Þessi fyrirhugaða skerðing þýðir í raun að NAVE þurfi að skera niður um eitt stöðugildi sem myndi líklega bitna á Vesturbyggð þar sem byggst hefur upp mikil þekking á sviði fiskeldisrannsókna og vöktunar.

Við álitum að með þessari skerðingu sé ekki aðeins verið að þurrka út verðmæta sérfræðiþekkingu á stofunni heldur einnig á starfssvæðinu öllu. Það stangast á við þá stefnumörkun að byggja upp þekkingu í rannsóknum á landsbyggðinni og fjölga rannsóknastörfum í fiskeldi.

### Framtíðarsýn NAVE

NAVE er framarlega í rannsóknum á sínu sviði og hafa sérfræðingar stofunnar byggt upp mikla þekkingu innan hennar sem gefa ýmis tækifæri ef fjárframlög til hennar væru trygg. Tækifærin felast m.a. í virkari þátttöku í rannsóknum og vöktunum fiskeldis, en einnig í frekari þjónustu og ráðgjöf við sveitarfélög á Vestfjörðum, s.s. við álitsgjafir um umhverfismat, um lagafrumvörp eða annað sem varðar sérfræðisvið Náttúrustofunnar.

Það er ósk okkar til þeirra sem með fjárveitingarvaldið fara að þeir beiti sér fyrir Náttúrustofu Vestfjarða svo að hún geti haldið áfram að sinna því hlutverki sem hún hefur gert og verið áfram virk í rannsóknum á náttúru svæðisins.

### Listi yfir helstu verkefni stofunnar

Eftirfarandi eru dæmi um helstu rannsóknarverkefni stofunnar en mörg þeirra eru unnin í samstarfi við aðrar stofnanir og aðrar náttúrustofur:

- **Fuglarannsóknir:** Vetrarfuglatalningar, mófuglavöktun og bjargfuglavöktun.
- **Gróðurannsóknir:** Gróðurkortagerð vegna framkvæmda og fleiri verkefna. Fylgst er með útbreiðslu ágengra tegunda. Fylgst með tegundum á válista.
- **Fjöru- og vatnsrannsóknir:** Kortagerð, rafveiðar, botndýra- og þörungarrannsóknir í fjöru, vötnum og ám.
- **Skordýrarrannsóknir:** Fiðrildavöktun á þremur stöðum á Vestfjörðum. Greining á skordýrum fyrir almenning.
- **Fiskeldi:** Aðstoð við vöktunaráætlanagerð fyrir fiskeldisfyrirtæki. Grunnrannsóknir og löng reynsla af botndýravöktun og greiningum. Efnamælingar, lúsatalningar og fleira.
- **Fornleifarannsóknir:** Fornleifauppgreftir og fornleifaskráningar.
- **Fræðsla:** Námskeið, fyrirlestrar og móttaka skólahópa.

Bolungarvík, 26. október 2017

  
  
 Nancy Bechtloff,  
 forstöðumaður NAVE

  
 Smári Haraldsson,  
 formaður stjórnar NAVE

\* Náttúrustofur starfa skv. lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Í 11. gr. laganna segir að helstu hlutverk náttúrustofu séu:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Umhverfisstofnun skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra,